

---

**F U N D A R G E R ð**

<b>Fundur:</b>	<b>62. fundur Starfshóps um rekstrartruflanir.</b>
<b>Fundartími:</b>	<b>Þriðjudagur 18. febrúar 1997, kl. 13:00</b>
<b>Fundarstaður:</b>	<b>Landsvirkjun, stjórnstöð, Bústaðavegi</b>
<b>Fundarefni:</b>	<b>1) Skýrsla um truflanir á landinu undanfarin ár og þátttaka Orkustofnunar í starfinu.</b>
	<b>2) Nýtt skráningarkerfi rekstrartruflana.</b>
	<b>3) Staða skráningar ársins 1996.</b>
	<b>4) Þátttaka annarra rafveitna í starfinu.</b>
	<b>5) Fyrirhugaðar breytingar hjá NORDEL.</b>
	<b>6) Önnur mál.</b>

---

Á fundinn mættu:

START:

Jakob Ólafsson  
Pétur E. Þórðarson  
Guðmundur I. Ásmundsson  
Ólafur Pálsson  
Hreinn Jónasson

Rafmagnsveita Reykjavíkur:

Gunnar Aðalsteinsson

Verkfræðistofan Afl:

Jón Vilhjálmsson

- 1) Farið var yfir drög að skýrslu um truflanir áráanna 1992-94 sem ÓP dreifði á síðasta fundi.

GIÁ nefndi hvort ástæða væri til að normera tölur með fjölda eininga sem eru í rekstri svipað og gert er í NORDEL skýrslu. Hann taldi óþarfa að vera bæði með stöpplarit og kökumyndir sem sýndu það sama og auk þess væru sömu upplýsingar á myndum og í töflum. Benti hana á að sýna mætti % tölur á myndum en fjölda í töflum. Hann taldi betra að nota Mannlegt fremur en Mistök. Einnig vildi hann sjá texta þar sem skýringar kæmu við myndir og fjallað væri um það sem var sérstakt þessi ár. Í því sambandi benti hann á skýrslur sem veiturnar hafa útbúið um truflanir. ÓP sagðist hafa skýrslur fyrir LV og RR en PEP ætlar að senda honum skýrslur Rarik. Auk þess þarf að lagfæra uppsetningu svo sem á myndum.

JV tók undir það sem fram kom hjá GIÁ og benti sérstaklega á að bæta þyrfti við textann, alla vega þarf að fjalla frekar um truflanir í byrjun hvers kafla. Samræma þarf texta á milli Yfirlits og Inngangs og ekki vera með tvítekningar eins og nú er. JV sagði að tveir kaflar eru með heitinu Yfirlir. Varðandi dreifikerfið vantaði myndir um loftlínur og dreifistöðvar. ÓP sagðist hafa miðað við að vera með 3 stærstu flokkana.

PEP benti á að markmið starfsins ætti einungis heima í inngangi en í staðin væri texti um það sem væri sérstakt við þessi ár í Yfirlit. Frekari skýringar mættu vera með töflu í yfirliti. Talað er um að skráning hafi verið að aukast en það á í raun einungis við um viðhaldið þar sem skráning á fyrirvaralausum truflunum var komin í gott horf þegar 1992.

ÓP var falið að laga drögin út frá þessum athugasemdum og taldi hann að ný drög gætu verið tilbúin eftir einn mánuð.

GIÁ spurði hvort Orkustofnun væri búin að ákveða hvort einhverjar breytingar verða á þátttöku þeirra í starfinu. ÓP sagði að niðurstaða væri ekki komin í það mál.

- 2) JV sagði að nýja skráningarkerfið væri komið í fulla notkun hjá LV, RR og OV og það yrði sett upp hjá HS á næstunni. Búið er að lagfæra flest það sem athugasemdir hafa verið gerðar við. Fundarmenn höfðu engar athugasemdir við kerfið.
- 3) JV sagðist vera búinn að fara yfir skýrslur síðasta árs hjá Landsvirkjun og mundi hann fara yfir athugasemdir með starfsmönnum LV eftir fundinn. Skráningin væri greinilega komin í gott horf hjá þeim. Árið 1996 yrði því fljótlega frágengið hjá Landsvirkjun. GIÁ benti á að þeir senda í lok hvers mánaðar upplýsingar um truflanir mánaðarins til vinnuflokka og annarra og fá frá þeim athugasemdir og hefði þetta gefist mjög vel. JV sagði að nú væri hægt að láta slíka aðila hafa skráningarkerfið og gætu þeir bætt inn viðbótarathugasemdum.

GA sagði að enn væri verið að skrá skýrslur síðasta árs þar sem skráningunni hefði seinkað vegna uppsetningar á nýja kerfinu. Hann sagði þó að skráningunni mundi ljúka mjög fljótlega.

HJ afhenti JV skýrslur um truflanir síðasta árs til yfirferðar og einnig fékk hann gögnin á diskettu til að setja þau inn í nýja skráningarkerfið. Hann nefndi einnig að meirihluti truflana væri í orkuveri.

JÓ sagði að verið væri að ljúka skráningu síðasta árs enda þyrfti fljótlega að ganga frá gögnum fyrir ársskýrslu.

PEP sagði að frumskráningu truflana væri lokið og er verið að fara yfir athugasemdir og yrði því væntanlega lokið í þessum mánuði þannig að gögnin gætu verið tilbúin í lok mars. Hann sagði að árið hefði verið mjög gott hjá þeim og fækkaði fyrirvaralausum truflunum um 300 á milli ára.

- 4) JV sagðist hafa rætt við þrjár rafveitur um að taka upp skráningarkerfið eins og talað var um á síðasta fundi. Rafveita Akureyrar ætlar að taka upp kerfið en þeir eru að fara að setja upp ORACLE gagnagrunn hjá sér og þegar hann verður kominn upp munu þeir setja skráningarkerfið upp. Nefnt hefur verið við þá að kerfið kostaði 300 þúsund kr. Rætt hefur verið við Rafveitu Hafnarfjarðar og eru þeir áhugasamir og munu að öllum líkindum taka upp þessa skráningu. Einnig hefur verið rætt við Selfossveitur og eru þeir áhugasamir en ekki liggur fyrir ákvörðun hjá þeim. JV nefndi að helst þyrfti að setja nokkrar fyrirspurnir inn í skráningarkerfið til að þessir smærri aðilar gætu fengið gögn út úr kerfinu þar sem þeir væru ekki með nein töl til slíks. Vinna við það væri rúm vika og spurði JV hvort ekki mætti nota hluta af tekjum frá þessum veitum til þessa. Þetta var samþykkt. Einnig benti hann á að spurning væri hvort þessar veitur kæmu inn í hópinn.
- 5) GIÁ sagðist hafa fengið bréf frá NORDEL nefnd þar sem fram kæmi að þeir væru að endurskoða fyrirkomulag gagnasöfnunar um truflanir en tvær nefndir hafa séð um þetta, önnur um flutningskerfið og vatnsaflsvirkjanir og hin um varmaorkuver. Skipuð hefur verið nefnd til að endurskoða þetta og er enginn fulltrúi frá Íslandi í þeirri nefnd. Okkur hefur verið gefinn kostur á að koma með athugasemdir og sagðist GIÁ hafa sent samantekt með okkar hugmyndum sem tekin var saman á síðasta ári vegna umræðu um þetta á síðasta ári. Hann sagði að þar væri gert ráð fyrir að birta tölur um truflanir eftir orkuverum en ekki bara tiltækt þeirra. Einnig hefði verið bent á að skilgreiningar STÖRST hópsins varðandi skráningu truflana væru orðnar gamlar og nauðsynlegt væri að endurnýja þær. Hann sagði að þegar samkeppni var komið á hjá Norðurlandabjóðunum hefðu menn ekki vilja gefa upp þessar upplýsingar en

það væri að breytast að nýju þar sem menn vildu geta borið sig saman við aðra vegna lykiltölugreiningar.

- 6) GIÁ sagði að NORDEL skýrsla um truflanir ársins 1995 lægi fyrir og dreifði hann skýrslunni.

JV nefndi hvort ekki væri rétt fyrir hópinn að huga að framtíðarstarfi hópsins en hann hefur nú starfað í rúm 10 ár og skráning truflana væri komin í gott horf og miklar upplýsingar væru komnar um kostnað vegna skorts. JV benti á aukinn áhuga erlendis á gæðum raforku þar sem auk truflana væri horft á spennu og tíðni. Fundarmenn voru sammála þessu og ætla að hugleiða þetta fram að næsta fundi.

JV bað menn að athuga með samning um starfið sem einhver tók með sér frá Ísafirði til undirskriftar.

Fleira ekki gert. Næsti fundur ekki ákveðinn en GIÁ mun hafa samband við ÓP eftir þrjár vikur til að athuga hvenær ný drög að skýrslu verða tilbúin. Fundi slitið kl. 14:50.

---

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum:

- "1995 Driftstöringssstatistik". Nordel. (GIÁ)

JV var afhent:

- Skýrslur Hitaveitu Suðurnesja um truflanir síðasta árs til yfirferðar. (HJ)